

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 24. mars 2010 í máli nr. E-319/2009:

A

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

gegn

B

(Gunnar Ingi Jóhannsson hdl.)

Mál þetta var höfðað 25. ágúst 2009 og dómtekið 3. mars 2010. Stefnandi er A..., ... í Stefnda er B..., ... á

Stefnandi gerir eftirfarandi kröfur:

1. Að eftirfarandi ummæli í staflíðum A til I, sem birt voru á forsíðu, sem millifyrirsagnir, í inngangi og meginmáli á blaðsíðum 30 til 32 í 30. tölublaði Vikunnar 2009, og stefnda ber ábyrgð á sem ritstjóri samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956, verði dæmd dauð og ómerk, en ummælin varði við 235. gr. og 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga:

- A. Óttast mjög um velferð hennar á heimil föður
- B. Apríl var flutt nauðug úr landi í kjölfarið en býr á Íslandi núna.
- C. Flúði ofbeldið
- D. Fljótlega eftir það, eða í lok árs 1997, yfirgaf D...D... A...til að tryggja öryggi dóttur sinnar. Hana grunaði að hann skoðaði barnaklám á Netinu og fann reyndar slíkt efni í heimilistölvunni.
- E. Nokkrum vikum eftir andlát D... sótti faðir E...hana í frímínútum á skólalóðinni og flutti hana nauðuga úr landi.
- F. Hann greip þá til sinna ráða og rændi E... í frímínútum, ...

G. Eftir að E... var numin á brott af föður sínum ...

H. Með bréfið í hendi kærði ég A... fyrir andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart dóttur sinni ...

I. Á þessum tíma komu tvær ungar stúlkur í þessu sveitarfélagi fram með svipaða sögu og í kjölfarið hlaut A...tvær nýjar kærur fyrir misnotkun.

Til vara er byggt á því að ofangreind ummæli varði við 234. gr., sbr. 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og á þeim grundvelli verði ummælin dæmd dauð og ómerk, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

2. Stefnandi krefst þess að stefnda verði dæmd til refsingar fyrir:

A. Að hafa með ummælum sínum um viðkvæm einkamálefni stefnanda, sem birtust á forsíðu, bls. 2 og bls. 30-32 í 30. tölublaði Vikunnar 2009, brotið gegn friðhelgi einkalífs hans, sbr. 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. mgr. 15. gr. prentlaga nr. 57/1956.

B. Að hafa viðhaft ærumeiðandi aðdróttanir, sem tilgreindar eru í staflíðum A til I í kröfulið 1, um stefnanda í 30. tölublaði Vikunnar 2009, sem teljast varða við 235. gr., sbr. 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. mgr. 15. gr. prentlaga nr. 57/1956. Til vara er byggt á því að hin tilvitnuðu ummæli varði við 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 236. gr. sömu laga.

3. Þess er krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. másl. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 30. júlí 2009 til 1. október sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

4. Þess er krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda 400.000 krónur til að kosta birtingu dóms í málinu, þ.e. forsendna og dómsorðs, í tveimur dagblöðum.

5. Þess er krafist að forsendur og dómsorð dóms í málinu verði birt í næsta tölublaði Vikunnar eftir að dómur gengur, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

6. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara að krafa um miskabætur verði stórlega lækkuð. Þá krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I.

Stefnandi, sem er bandarískur ríkisborgari, gekk í hjúskap með D... 17. desember 1995. Hinn 3. apríl 19.. eignuðust hjónin dóttur, E.... Hjónin skildu 7. janúar 1999 og fékk móðirin forsjá barnsins. D... andaðist 26. febrúar 2005 en við það hvarf forsjáin til stefnanda. Með úrskurði áfrýjunardómstóls Farifax County í Virginíu í Bandaríkjunum frá 13. janúar 2006 var E... ættleidd af F..., síðari eiginkonu stefnanda.

Með beiðni 10. júní 2008 óskaði G..., amma E... í móðurætt, eftir því við sýslumanninn í Keflavík að fá umgengni við barnið. Þeirri kröfu hafnaði sýslumaður með úrskurði 13. ágúst sama ár. G... skaut þeim úrskurði til dómsmálaráðuneytisins sem vísaði kröfunni frá stjórnvöldum með úrskurði 19. janúar 2009. Niðurstaða bæði sýslumanns og ráðuneytisins var reist á því að lagatengsl barnsins við ömmu sína hefðu rofnað við ættleiðinguna, en þau tengsl hefðu verið forsenda fyrir umgengni á grundvelli 47. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Í 30. tölublaði tímaritsins Vikunnar, sem kom út 30. júlí 2009, var fjallað um fjölskylduhagi stefnanda, skilnað hans og D... heitinnar, auk samskipta stefnanda við fjölskyldu hennar. Einnig var rætt um atlæti E... hjá stefnanda, samskipti þeirra feðgina og um ættleiðingu núverandi eiginkonu stefnanda á barninu. Umfjöllun þessi spannar þrjár blaðsíður, auk þess sem efninu er slegið upp á forsiðu tímaritsins með fyrirsögn og mynd af G..., móður D.... Stefnandi telur að með umfjöllun þessari hafi verið vegið gróflega að æru hans með ásökunum um ofbeldi í garð fyrri eiginkonu, vörslu efnis með barnaklámi, barnsrán, líkamlegt og andlegt ofbeldi í garð dóttur sinnar og misnotkun á börnum.

Áður höfðu málefni fjölskyldunnar verið til umfjöllunar á opinberum vettvangi í helgarblaði DV, sem út kom 9. apríl 2005. Þar var rætt um andlát D..., skilnað hennar og stefnanda og um deiluna innan fjölskyldunnar. Einnig var fjallað um líðan E... og önnur málefni barnsins.

II.

Stefnandi telur að umfjöllun tímaritsins Vikunnar um fjölskyldumál sín hafi verið hatrömm og óvægin í sinn garð. Heldur stefnandi því fram að þetta hafi valdið sér sálarangist og vanlíðan, auk þess sem umfjöllunin hafi orðið honum til álitshnekkis. Stefnandi fullyrðir að engin tilraun hafi verið gerð af hálfu tímaritsins við vinnslu greinarinnar til að bera efnið undir hann svo honum væri kleift að koma að athugasemdum eða bregðast með einhverju móti við röngum fullyrðingum í sinn garð.

Stefnandi heldur því fram að gróflega hafi verið vegið að honum með þeim ummælum sem krafist er ómerkingar á. Telur stefnandi að ummælin í heild sinni eða í einstökum atriðum hafi falið í sér ærumeiðandi aðdróttanir í sinn garð. Til stuðnings þessu bendir stefnandi á í fyrsta lagi að með ummælum í stafliðum B, E, F og G í kröfulið 1 sé því slegið föstu að stefnandi hafi skömmu eftir andlát fyrrverandi eiginkonu sinnar gerst sekur um frelsissviptingu og barnsrán, en við slíku broti liggja þungar refsingar samkvæmt 226. gr. almennra hegningarlaga. Þessar ásakanir telur stefnandi úr lausu lofti gripnar, enda hafi hann farið einn með forsjá barnsins á þeim tíma sem honum er gefið að sök að hafa rænt dóttur sinni og flutt hana nauðuga úr landi. Í öðru lagi vísar stefnandi til þess að honum sé gefið að sök í staflið D í kröfulið 1 að hafa skoðað barnaklám á netinu og að hafa haft slík efni í sinni vörslu í heimilistölvu fjölskyldunnar. Fyrir þessu sé enginn fótur en háttsemi af þessu tagi sé ekki aðeins refsiverð samkvæmt 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga heldur einnig siðferðilega mjög ámælisverð. Í þriðja lagi bendir stefnandi á að honum sé gefið að sök eða í öllu falli látið að því liggja í stafliðum D, H og I í kröfulið 1 að stefnandi hafi misnotað dóttur sína og tvö önnur stúluk börn kynferðislega, en slík brot varði við 200. gr. og 202. gr. almennra hegningarlaga. Í því sambandi tekur stefnandi fram að allar kærur á hendur sér í þessa veru hafi verið felldar niður með bréfum ríkissaksóknara 23. febrúar 2009 eða rúmum fimm mánuðum áður en umfjöllun Vikunnar birtist á prenti. Loks bendir stefnandi á í fjórða lagi að honum sé gefið að sök í stafliðum A, C, D og H í kröfulið 1 að vera ofbeldismaður með því að beita bæði dóttur sína og fyrrverandi eiginkonu jafnt andlegu sem líkamlegu ofbeldi, en slík háttsemi getið meðal annars varðað við 217. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga, auk þess að vera siðferðilega ámælisverð. Þessu andmælir stefnandi og telur fullyrðingar í þessa veru úr lausu lofti gripnar. Í þessu sambandi tekur stefnandi fram að samhliða því að ríkissaksóknari felldi niður mál vegna kæru á hendur stefnanda hafi barnaverndarnefnd í umdæmi stefnanda lokið vinnslu máls af sama tilefni með bréfi 6. mars 2009.

Stefnandi telur að öll ummæli í stafliðum A til I í kröfulið 1 séu ærumeiðandi aðdróttanir sem feli í sér brot gegn 235. gr. og 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin séu ósönn, óviðurkvæmileg, tilhæfulaus og smekklaus og til þess fallin að sverta stefnanda. Verði ekki fallist á að ummælin varði við 235. gr. almennra hegningarlaga er á því byggt til vara að þau varði við 234. gr., sbr. 2. mgr. 236. gr. sömu laga. Í báðum tilvikum beri að ómerkja ummælin, sbr. 1. mgr. 241. gr. laganna, auk þess sem dæma beri stefndu til refsingar.

Stefnandi heldur því fram að með umfjölluninni hafi freklega verið brotið gegn friðhelgi einkalífs hans sem njóti verndar samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu auk annarra alþjóðlegra sáttmála. Brot þessi feli í sér ólögmeða meingerð gagnvart stefnanda og því hafi stefnda felld á sig miskabótaábyrgð, sbr. b-lið 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, auk þess sem gerð sé krafa um að stefnda sæti refsingum samkvæmt 229. gr. almennra hegningarlaga fyrir að greina frá málefni opinberlega sem ekkert erindi eigi við almenning. Við ákvörðun miskabóta telur stefnandi horfa til hækkunar að Vikan sé gefin út í hagnaðarskyni, auk þess sem útgefandi eða blaðamenn á hans vegum hafi í fjölda mála undanfarið verið sakfelldir fyrir ærumeiðingar.

Til stuðnings refsí- og fébótaábyrgð stefndu er vísað til 3. mgr. 15. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956. Krafa um greiðslu kostnaðar til að birta dóm í málinu í dagblöðum er reist á 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, en krafa um að forsendur og niðurstaða dómsins verði birt í næsta tölublaði Vikunnar er reist á 1. og 2. mgr. 22. gr. laga um prentrétt.

III.

Stefnda bendir á að fjölmiðlar hafi verulegt svigrúm til umfjöllunar um menn og málefni og sá réttur sé varinn af 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Vísar stefnda til þess að gjalda beri varhug við því að takmarka rétt fjölmiðla til að taka á móti og miðla upplýsingum. Einnig geti fjölmiðlar ekki borið ábyrgð á öllu því sem nafngreindir heimildarmenn hafi að segja, enda væri slíkt til þess fallið að kæfa niður alla umræðu og upplýsingamiðlun, eins og Mannréttindadómstóll Evrópu hafi bent á í dómum sínum. Stefnda telur að umfjöllun um mál þetta í Vikunni hafi í senn verið sanngjörn og fagleg í öllu tilliti, auk þess sem hún hafi áður birst í öðum fjölmiðlum.

Stefnda vísar til þess að höfundur beri ábyrgð á efni rits ef hann hefur nafngreint sig, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956. Stefnda heldur því fram að höfundur hljóti að vera sá sem lætur ummæli falla, þ.e. sá sem ummæli eru eignuð ef hann er nafngreindur. Því geti höfundur í þessu tilfelli ekki verið neinn annar en G... . Hún beri því ábyrgðina en ekki stefnda og því beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu. Þar fyrir utan fari í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar að láta stefndu sem þriðja mann bera ábyrgð á ummælum G..., enda verði hún sjálf að bera ábyrgð á eigin ummælum fyrir dómi.

Verði stefnda gerð ábyrgð fyrir þeim ummælum sem G... lét falla er því haldið fram að ummælin fari ekki í bága við almenn hegningarlög. Af þeirri ástæðu beri því einnig að sýkna stefndu. Til stuðnings þessu bendir stefnda á að ummæli í *staflíð A* í kröfulið 1 um að G... óttaðist um velferð E... á heimili föður hafi aðeins að geyma þá skoðun G... að hún óttaðist um velferð barnsins hjá stefnanda. Þennan gildisdóm sé henni frjálst að láta í ljós og hann geti ekki verið andlega ómerkingarkröfu. Í *staflíð C* í kröfulið 1 sé krafist ómerkingar á ummælum í millifyrirsögn um að D... hafi flúið ofbeldið, en með þessu sé vísað í frásögn G... af samskiptum dóttur hennar og stefnanda. Þetta sé í samræmi við það sem D... sjálf hafi tjáð fjölskyldu sinni og ritað í dagbók sína, auk þess sem um þetta hafi þegar verið fjallað í DV árið 2005. Hitt sé svo annað að í hvert sinn sé matsatriði hvað falli undir andlegt ofbeldi en mat þar að lútandi fari fram hjá þeim sem telji sig verða fyrir slíku. Um sé að ræða persónulega upplifun sem feli í sér gildisdóm D... heitinnar sem móðir hennar hafi eftir henni. Varðandi ummæli í *staflíð D* í kröfulið 1 telur stefnda að þau verði ekki ómerkt þar sem ummælin séu sönn. D... hafi yfirgefið stefnanda og ástæðan sem hún gaf hafi meðal annars verið sú að hún vildi tryggja öryggi dóttur sinnar. Einnig hafi D... greint frá þeim grunsemdum sínum að stefnandi skoðaði barnaklám á netinu og að hún hafi fundið slíkt efni í tölvu sinni. Með þessu sé hins vegar engu slegið föstu um hvað stefnandi hafi gert eða að þetta efni hafi verið í tölvunni af hans völdum. Hvað varðar ummæli í *staflíðum B, E, F* og *G* tekur stefnda fram að verið sé að lýsa atburðarás sem átti sér stað og því séu ummælin sönn. Ummælin geti því ekki verið andlag ómerkingarkröfu með vísan til

meginreglunnar um refsileysi sannra ummæla. Í stuttu máli hafi stefnandi komið dag einn, skömmu eftir að D... andaðist, á skólalóð grunnskólans í Sandgerði og numið stúlkuna á brott fyrirvaralaust og gegn hennar vilja. Þetta hafi móðurfjölskyldan upplifað þannig að stúlkunni hafi hreinlega verið rænt. Þótt vera megi að eilítið hafi verið fært í stílinn sé aftur á móti hreinn útúrsnúningur hjá stefnanda að líta á þetta sem ásökun um mannrán í skilningi 226. gr. almennra hegningarlaga. Ummæli í *staflíð H* í kröfulið 1 telur stefnda að verði ekki ómerkt þar sem þau lýsi því aðeins að G... hafi kært stefnanda fyrir andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart dóttur sinni. Þessi kæra hafi verið lögð fram hjá barnaverndaryfirvöldum í kjölfar þess að G... barst bréf frá barninu haustið 2008. Eingöngu sé greint frá þeirri staðreynd hvað sem líði réttmæti þeirra ásakana. Sama eigi við um ummæli í *staflíð I* í kröfulið 1, en þar sé aðeins lýst þeirri staðreynd að lagðar hafi verið fram kærur á hendur stefnanda.

Um refsikröfu tekur stefnda fram að sú krafa sé of almenns eðlis og með öllu skorti lýsingu á því hvernig hver og ein ummæli getið bakað refsiaþbyrgð. Þannig hefði stefnandi þurft að tiltaka hvernig tilvitnuð ummæli í einstökum atriðum varði við 229. gr., 234., gr. 235. gr. eða 236. gr. almennra hegningarlaga. Þar fyrir utan geti 229. gr. almennra hegningarlaga ekki átt við þar sem upplýsingar um þetta málefni hafi þegar verið á vitorði almennings vegna umfjöllunar í DV um sama mál.

Stefnda andmælir miskabótakröfu stefnanda á þeim grundvelli að hún beri ekki ábyrgð að lögum á ummælunum. Þar fyrir utan hafi ummælin ekki falið í sér ærumeiðingar í skilningi almennra hegningarlaga, en verði svo talið séu allt að einu ekki fyrir hendi skilyrði til að dæma miskabætur, enda hafi ummælin aðeins verið endurtekin á opinberum vettvangi. Af sömu ástæðu komi ekki til greina að dæma miskabætur vegna ætlaðra brota gegn friðhelgi einkalífs, auk þess sem þeir hagsmunir stefnanda geti ekki komið í veg fyrir að G... tjái sig opinberlega um sína reynslu og persónuleg málefni. Þá skipti engu máli í þessu tilliti gagnvart stefndu dómur á hendur útgefanda Vikunnar eða blaðamönnum á hans vegum. Allar þessar sömu ástæður telur stefnda leiða til þess að miskabætur verði lækkaðar.

Kröfu um kostnað vegna birtingar dóms er mótmælt á þeim grundvelli að engin gögn hafi verið lögð fram til stuðnings þeirri kröfu. Þar fyrir utan hafi stefnandi enga hagsmuni af því að fá dóminn birtan opinberlega í dagblöðum sökum þess að dómur séu hvort sem er birtir opinberlega, en það ætti að duga í þessu tilviki. Jafnframt er fjárhæð kröfunnar mótmælt sem of hárr. Einnig er kröfu um birtingu dómsins í næsta tölublaði Vikunnar andmælt, enda verði ekki um það dæmt án aðildar útgefanda blaðsins. Í öllu falli verði ekki í senn krafist kostnaðar af birtingu dómsins og birtingar í Vikunni. Loks er vaxtakröfu mótmælt og því haldið fram að dráttarvextir verði ekki dæmdir nema frá dómsuppsögu.

IV.

1.

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956, ber höfundur blaðs eða tímarits refsí- og fébótaábyrgð á efni ritsins ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annað hvort heimilisfastur hér á landi þegar ritið kemur út eða undir íslenskri lögsögu þegar mál er höfðað. Ef enginn höfundur er nafngreindur fer um

ábyrgðina í þeirri röð sem talin er í 3. mgr. sömu greinar, en hún hvílir fyrst á útgefanda rits eða ritstjóra.

Stefnda var ritstjóri Vikunnar þegar út kom 30. tölublað 71. árgangs ritsins 30. júlí 2009 en í því blaði er að finna umfjöllun um málefni fjölskyldu G..., fyrirverandi tengdamóður stefnanda. Höfundur greinarinnar er ekki tilgreindur en í reit með knöppum útdrætti um efni greinarinnar segir að texti sé blaðsins. Stefnda hefur borið því við að G... sé höfundurinn, enda sé allt efni greinarinnar haft eftir henni. Af þeim sökum beri stefnda ekki ábyrgðina á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Þótt efni greinarinnar sé að stórum hluta ummæli innan tilvitnunarkerkja sem sögð eru höfð eftir G... er inni á milli að finna umfjöllun um málefnið sem augljóslega er blaðsins. Einnig hefur G... borið fyrir dómi að hún hafi vísað blaðamanni Vikunnar á umfjöllun um málið í DV frá 9. apríl 2005 til að komast hjá því að endurtaka söguna, en samræmi í umfjöllun Vikunnar og DV um málið er greinilegt. Þá sagði G... að orðavalið væri blaðamannsins, sem hún ræddi við, þótt innihaldið væri rétt að efni til. Að öllu þessu virtu verður ekki fallist á það með stefndu að G... ein geti talist höfundur greinarinnar. Því hvílir ábyrgðin á stefndu sem ritstjóra þar sem höfundur greinarinnar var ekki nafngreindur og skiptir þá engu þótt G... kunni einnig að teljast höfundur greinarinnar. Þá er haldlaus með öllu sú málsástæða stefndu að lög um prentrétt fari í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar að því leyti sem þau geri þriðja mann ábyrgan fyrir ummælum sem aðrir láti falla.

2.

Í *staflíð A* í kröfulið 1 krefst stefnandi þess að ómerkt verði ummæli á forsíðu blaðsins þess efnis að G... óttist mjög um velferð barnabarns síns á heimili stefnanda. Fyrir dómi hefur G... staðfest þetta álit sitt, en það felur aðeins í sér skoðun hennar og gildismat, sem ekki getur varðað við ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga. Verða þessi ummæli því ekki ómerkt.

Í *staflíð C* í kröfulið 1 er krafist ómerkingar á millifyrirsögninni „Flúði ofbeldið“ en af þeim texta sem kemur í framhaldinu verður ráðið að átt sé við að D... hafi flúið stefnanda vegna framkomu hans. Undir þessari millifyrirsögn koma einnig þau ummæli sem greinir í *staflíð D* í kröfulið 1 en fyrri málsliður þeirra er þannig: „Fljótlega eftir það, eða í lok árs 1997, yfirgaf D... A... til að tryggja öryggi dóttur sinnar.“ Með þessu er stefnanda ekki aðeins gefið að sök ofríki gagnvart fyrirverandi eiginkonu heldur einnig dóttur sinni. Í málinu liggur ekki fyrir að þessi ummæli eigi við rök að styðjast og verða þau því ómerkt með vísan til 241. gr., sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga.

Með öllu er ósannað að stefnandi hafi haft í sinni vörslu barnaklám, en slík háttsemi er refsiverð samkvæmt 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 241. gr., sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga verða því ómerkt þau ummæli í síðari málsgrein *staflíðar D* í kröfulið 1 þar sem látið er að því liggja að stefnandi hafi haft slíkt efni með höndum. Skiptir engu um kröfuna þótt þessu sé ekki slegið föstu afdráttarlaust heldur sett fram í þeim buningi að grunur hafi beinst að stefnanda. Er þess þá að gæta að samhengi ummælanna felur það í sér að grunsemdir séu rökstuddar þar sem efni af þessu tagi hafi fundist í tölvu heimilisins.

Í *staflíðum B, E, F og G* í kröfulið 1 er krafist ómerkingar á ummælum þess efnis að stefnandi hafi numið dóttur sína eða rænt henni í frímínútum á skólalóð og flutt hana nauðuga úr landi nokkrum vikum eftir að móðir barnsins andaðist. Í málinu liggur ekkert fyrir um að stúlkan hafi í umrætt sinn ekki viljað fara með föður sínum. Þar fyrir utan fór stefnandi með forsjá barnsins á þessum tíma og því gat viljaafstaða dóttur hans ekki ráðið úrslitum. Að þessu gættu var með engu móti réttlæt看legt að lýsa þessum atburði eins og um frelsissviptingu hefði verið að ræða. Samkvæmt þessu verða ummælin ómerkt með vísan til 241. gr., sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga.

Í *staflíð H* í kröfulið 1 er þess krafist að ómerkt verði ummæli um að G... hafi með bréf í hendi frá barnabarni sínu kært stefnanda fyrir andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart stúlkunni. Nokkru síðar í greininni er haft eftir G... að hún hafi í kjölfarið haft samband við barnavernd í sveitarfélaginu og fengið þær upplýsingar að rannsókn málsins hefði leitt í ljós að um væri að ræða uppspuna hjá barninu. Að þessu gættu kemur ekki til álita að ummælin verði ómerkt, enda er ekki um það deilt að G... hafi lagt fram kæru á hendur stefnanda hjá yfirvöldum í kjölfar þess að stúlkan sendi henni bréf 10. júní 2008. Skiptir þá engu þótt ekki sé tekið fram að kæran hafi verið lögð fram hjá barnaverndaryfirvöldum.

Loks er þess krafist í *staflíð I* í kröfulið 1 að ómerkt verði ummæli þess efnis að tvær ungar stúlkur hafi á sama tíma og G... barst bréfið frá stúlkunni komið fram með svipaða sögu og í kjölfarið hafi verið lagðar fram tvær nýjar kærur fyrir misnotkun. Um þessar kærur er ekki nánar fjallað en þó tekið fram að G... viti ekki meira um þessi mál og hvort rannsókn standi enn yfir. Þegar Vikan kom út 30. júlí 2009 hafði ríkissaksóknari með bréfi 23. febrúar sama ár felld niður kærur á hendur stefnanda. Þótt ummælin hafi falið í sér ófullnægjandi upplýsingar um málefnið eru ummælin ekki röng svo langt sem þau ná. Því kemur ómerking ekki til álita þótt fallast megi á það með stefnanda að þau vinnubrögð hafi með öllu verið óforsvaranleg að bera ummælin ekki undir stefnanda svo hann gæti brugðist við með því að upplýsa um afdrif þessara mála.

3.

Svo sem rakið hefur verið í næsta kafla hér á undan varða nokkur af þeim ummælum sem birtust í Vikunni í umrætt sinn við 235. gr. almennra hegningarlaga. Einnig voru aðdróttanir í garð stefnanda birtar og bornar út opinberlega, enda þótt ekki hafi verið fyrir hendi sennileg ástæða til að telja þær réttar, eins og málið horfði við þeim sem ritaði greinina. Varðar þetta því jafnframt við 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga. Til stuðnings refsikröfu vísar stefnandi að auki til 229. gr. almennra hegningarlaga um refsináemi þess að skýra opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi sem réttlætt geti verknaðinn.

Það málefni sem fjallað var um í Vikunni snerti hjónaband og skilnað stefnanda og fyrrverandi eiginkonu hans. Einnig var fjallað um málefni dóttur þeirra en stefnandi hefur farið með forsjá stúlkunnar frá árinu 2005 eftir að móðirin andaðist. Þessi skrif Vikunnar lutu því að einkamálefnum stefnanda í skilningi 229. gr. almennra hegningarlaga. Kemur þá til skoðunar hvort nægar ástæður hafi verið fyrir hendi sem réttlætt geta umfjöllunina.

Af vitnisburði G... fyrir dómi verður ráðið að fyrir henni vakti fyrst og fremst að fjalla um að ættleiðing stjúpmóður á barninu kom í veg fyrir að krafa hennar um umgengni við barnabarn sitt yrði tekin til greina, sbr. úrskurður sýslumannsins í Keflavík 13. ágúst 2008 og úrskurður dómismálaráðuneytisins 19. janúar 2009. Fullt tilefni var til að ræða opinberlega um þá umdeilanlegu niðurstöðu stjórnvöldum að úrlausn dómstóls í Bandaríkjunum um ættleiðingu kæmi í veg fyrir að amma barnsins teldist náinn vandamaður í skilningi 3. mgr. 47. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Umfjöllun tímaritsins um einkamálefni stefnanda gekk hins vegar mun lengra en helgast getur af þeim tilgangi og varðaði hún við 229. gr. almennra hegningarlaga. Skiptir þá engu þótt málefni fjölskyldunnar hafi fyrir fimm árum verið til umfjöllunar í DV.

Í málinu liggur fyrir að stefnda vann ekki greinina heldur blaðamaður á tímaritinu. Kom fram í skýrslu stefndu fyrir dómi að hún hefði aðeins lesið yfir greinina í því skyni að leiðrétta ritvillur og málfar, auk þess sem hún hefði styt inngang blaðamanns. Eins og áður greinir hvílir ábyrgðin á stefndu sem ritstjóra tímaritsins, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956. Að þessu virtu og þegar litið er til niðurstöðu dómsins um kröfur að einkarétti, sem og málsatvika að öðru leyti, þykja almannahagsmunir ekki standa til að stefndu verði refsað.

4.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið fól umfjöllun Vikunnar í sér ærumeiðingar í garð stefnanda auk þess sem brotið var gegn friðhelgi einkalífs stefnanda, en sá réttur nýtur verndar samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar. Með þessu hefur verið framin meingerð gegn friði og persónu stefnanda sem stefnda ber miskabótaábyrgð á samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga, nr. 50/1993. Að öllu virtu þykja miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar 600.000 krónur með vöxtum svo sem greinir í dómsorði. Samkvæmt 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, er tekin til greina krafa um upphafsdag dráttarvaxta frá því liðinn var mánuður frá þingfestingu málsins.

Með vísan til 1. og 2. mgr. 22. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956, er fallist á kröfu stefnanda um að forsendur og niðurstaða dóms þessa skuli birta í næsta tölublaði Vikunnar, sem út kemur eftir uppsögu dómsins. Breytir engu um þá kröfugerð þótt útgefandi tímaritsins eigi ekki aðild að málinu, enda hvílir þessi skylda á honum lögum samkvæmt. Með hliðsjón af því að máli þessu var slegið upp á forsíðu Vikunnar, en blaðinu er gjarnan stillt upp á áberandi stöðum í blaðsöluhillum á sölustöðum, auk þess sem ritið liggur víða frammi löngu eftir útgáfu, þykir jafnframt rétt með vísan til 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga að gera stefndu að greiða stefnanda 300.000 krónur til að standa straum af opinberri birtingu dómsins.

Eftir þessum úrslitum verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn svo sem í dómsorði greinir.

Benedikt Bogason, héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Framangreind ummæli í staflíðum B, C, D, E, F og G í kröfulið 1 skulu vera dauð og ómerk.

Stefndu, Guðríði Haraldsdóttur, er ekki gerð refsing.

Stefnda greiði stefnanda, A., 900.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af 600.000 krónum frá 30. júlí 2009 til 1. október sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda greiði stefnanda 400.000 krónur í málskostnað.

Benedikt Bogason